Fantasía og fúga í g-moll BWV 542

Eyþór Franzson Wechner fæddist á Akranesi. Hann byrjaði að læra á píanó 7 ára gamall en skipti 14 ára yfir á orgel, í fyrstu undir leiðsögn Úlriks Ólasonar en síðar hjá Birni Steinari Sólbergssyni við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Eftir tvö ár í Listaháskólanum hélt hann til Þýskalands. Við "Hochschule für Musik und Theater Leipzig" lauk Eyþór Bachelor of Arts gráðu í orgelleik árið 2012 og Master of Arts gráðu árið 2014 við sama skóla. Helsti kennari hans í Leipzig var Prófessor Stefan Engels. Meðfram náminu sótti Eyþór meistaranámskeið hjá ýmsum nafnkunnum organistum. Eyþór er nú starfandi organisti Blönduóskirkju. Eyþór hefur komið fram á einleikstónleikum á Íslandi, Þýskalandi og í Ástralíu.

Eyþór Franzson Wechner was born in Akranes, a fishing town just north of Reykjavík. He began his piano studies at the age of 7 but switched to the organ at the age of 14. His first teacher was Úlrik Ólason and later he studied with Björn Steinar Sólbergsson. After two years at the Iceland Academy of the Arts he moved to Leipzig to study at the "Hochschule für Musik und Theater Leipzig" and finished with a Bachelor's degree in 2012 and a Master's degree in 2014 under the guidance of Professor Stefan Engels. During his studies, Eythor has had the chance to attend masterclasses from many of the worlds most accomplished organists. Eythor works as an organist in Blönduós, in the north of Iceland, and has performed in his home country as well as in Germany and in Australia.





## Jón Bjarnason, Vilhjálmur Ingi Sigurðsson og Jóhann Ingvi Stefánsson Ísland / Iceland

**FIMMTUDAGINN 18. JÚLÍ KL. 12 / THURSDAY JULY 18 @ 12 NOON**

**Antonio Vivaldi 1678-1741**
Concerto for two trumpets and strings

**Johann Sebastian Bach 1685-1750**
Triosonata in E flat minor BWV 525
Allegro
Adagio
Allegro

**Jean Joseph Mouret 1682-1738**
Rondeau

**Þorkell Sigurbjörnsson 1938-2013**
Heyr himnasmiður
arr. Jón Bjarnason

**Sigfús Einarsson 1877-1939**
Draumalandið

**Manuel Rodriguez Solano 1977**
Fanfarria Bolero

Jón Bjarnason dómorganisti í Skálholti fæddist í Skagafirði 1979 þar sem hann hóf píanónám 7 ára gamall. Hann lauk 8. stigs prófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Skagafjarðasýslu árið 1998. Jón útskrifaðist úr Tónlistarskólanum í Reykjavík með píanókennarapróf árið 2003. Hann útskrifaðist með Kantorspróf og einleiksáfanga frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2006. Veturinn 2011-2012 lauk hann diplómu í orgelleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Jón hefur starfað sem píanóleikari með Karlakór Selfoss frá árinu 2011. Hann hefur komið víða fram sem píanóleikari með kórum og einsöngvurum. Hann hélt einleikspíanótónleika í Aratungu vorið 2016 sem fengu frábærar viðtökur. Jón hefur reglulega komið fram sem einleikari á orgeltónleikum í Skálholtsdómkirkju, Selfosskirkju, Alþjóðlegu orgelsumri og Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju, Stykkishólmi og víðar. Jón hefur talsverða reynslu af kórstjórn og hefur starfað sem kórstjóri hjá mörgum kórum frá árinu 2003. Hann stjórnar Skálholtskórnum sem hefur meðal annars síðustu tvö ár tekið þátt í flutningi á kantötum eftir Johann Sebastian Bach en það er orðin hefð á Skálholtshátíð. Einnig stjórnar Jón Söngkór Miðdalskirkju og er fastráðinn organisti við 10 kirkjur í Skálholtsprestakalli. Jón var ráðinn kantor í Skálholtsdómkirkju árið 2009. Hann hefur verið áberandi í tónlistarlífi á Suðurlandi síðustu tíu ár og hlotið styrki til tónleikahalds, m.a. frá Samtökum Sunnlenskra sveitafélaga.

Jón Bjarnason was born 1979 in Skagafjörður, North Iceland. He started piano lessons when he was seven years old and graduated as a piano teacher in 2003 from The Reykjavík College of Music. Jón graduated as cantor from Tónskóli Þjóðkirkjunnar in 2006, as well as finishing his soloist diploma.

He finished a diploma in Organ repertoire from the Royal Danish Academy of Music in Copenhagen 2012. Jón was organist in Seljakirkja in Reykjavik 2003-2009. Since 2009 Jón is organist at Skálholt Cathedral in South-Iceland.

Vilhjálmur Ingi Sigurðsson fæddist á Akureyri 1980. Hann lærði á trompet við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og síðar við Tónlistarskóla Akureyrar. Vilhjálmur lauk blásara- og einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2003. Aðalkennari hans þar var Ásgeir Hermann Steingrímsson.

Vilhjálmur fór sama ár í framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Osló hjá prófessor Jan Frederik Christiansen, sem var 1. trompetleikari Fílharmoníusveitar Oslóar. Hann útskrifaðist með cand. magister gráðu vorið 2005. Vilhjálmur stundaði síðan meistaranám við Sibelíusarakademíuna í Helsinki hjá prófessor Jouko Harjanne og Touko Lundell. Meðfram náminu í Helsinki lék hann m.a. með Óperuhljómsveitinni í Helsinki, Sinfóníuhljómsveit Sibelíusarakademíunnar og fleiri kammerhópum.

Vilhjálmur hefur spilað með fjölda hljómsveita og kammerhópa og hefur jafnframt reglulega komið fram sem einleikari. Hann var fulltrúi Íslands í keppni ungra norrænna einleikara árið 2004 í Osló þar sem keppendur voru frá öllum Norðurlöndunum. Meðal hljómsveita sem Vilhjálmur hefur spilað með má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem hann er lausráðinn, Hljómsveit Íslensku óperunnar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Kammersveitina Ísafold, Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveit æskunnar og Ungfóníu. Hann hefur einnig tekið þátt í Óperustúdíói Austurlands og sótt blásarasveitarnámskeið m.a. til Danmerkur og Finnlands á vegum Nomu. Hann er einnig meðlimur í brasshópnum Hexagon.

Vilhjálmur hefur starfað sem hljóðfærakennari frá árinu 1999 við Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónlistarskóla Eddu Borg og við Skólahljómsveit Vesturbæjar.

Hann starfaði við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 2008-2013 og frá

2013-2017 kenndi hann við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og við Skólahljómsveit Austurbæjar. Hann starfar núna við Tónlistarskóla Akureyrar.

Vilhjálmur Ingi Sigurðsson was born in Akureyri in North Iceland in the year 1980. He first studied trumpet in Akureyri Music School from age 10. He then attended Reykjavik Music College and studied with Ásgeir H. Steingrímsson and graduated in the year 2003.

He then moved to Oslo and studied at the Norwegian College of Music 2003-2005 when he finished his Bachelor degree.

His teacher there was Professor Jan Frederik Christiansen.

Vilhjálmur studied further in Finland, where his teachers where Jouko Harjanne and Touko lundell and graduated with masters degree in the spring of 2008.

During his studies in Helsinki he played with several orchestras including the Sibelius Academy orchestra , Helsinki opera and many chamber groups.

Vilhjálmur moved back to Iceland and is solo trumpetist with the North Iceland Symphony Orchestra (SinfoniaNord) and is teacher at the Akureyri Music School.

Vilhjálmur has also played with Iceland symphony Orchestra , Icelandic Opera and is a member of Ísafold chamber orchestra, Hexagon Brass ensemble and works freelance with many other groups. He has been very active as soloist and has attended trumpet competitions both in Oslo 2004 and in Lieksa 2012.

Jóhann Ingvi Stefánsson trompetleikari er fæddur og uppalinn á Selfossi og hóf tónlistarnám þar. Hann útskrifaðist úr blásarakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík 1992.

Jóhann hefur haldið tónleika í samstarfi við ýmsa tónlistarmenn og leikið með margvíslegum hljómsveitum og kammerhópum. Má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Stórsveit Reykjavíkur, Caput hópinn o.fl. Hann hefur einnig leikið í uppfærslum í Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni.

Jóhann hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Hann er meðlimur í ýmsum hljómsveitum t.d. rokkhljómsveitinni Skjálftavaktinni og danshljómsveitinni Blek og Byttur.

Jóhann er aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga.

Jóhann Ingvi Stefánsson was born in Selfoss and started his music education there. He graduated from the Reykjavík Music College as teacher in 1992. Jóhann has held concerts in collaboration with various musicians and played with various bands and chamber groups. These include the Iceland Symphony Orchestra, the North Iceland Symphony Orchestra, the Reykjavik Big Band and the Caput Group. He has also participated at the National Theater and the Icelandic Opera. Jóhann has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra and other orchestras. He is member of various bands e.g. the rock band Skjálftavaktin and the dance band Blek and Byttur. Jóhann is the Deputy Head of the Music School of Tónlistarskóli Árnesinga, South- Iceland.

 

# Ágúst Ingi Ágústsson and Lene Langballe

Ísland / Iceland

**FIMMTUDAGINN 25. JÚLÍ KL. 12 / THURSDAY JULY 25 @ 12 NOON**

**Girolamo Frescobaldi 1583-1643**
Canzoa terza, detta la Lucchesina

**Thomas Crecquillon 1505-1557**
Petite fleur coincte et jolie diminution by G. dalla Casa

**Johann Schop 1590-1626**
"Sorrig og glæde"

**John Dowland 1563-1626**
King Denmark's galliard

**G. P. Da Palestrina 1525-1594**
Pulchra es amica mea diminution by F. Rognoni Taeggio

**Aurelio Virgiliano lok 16. aldar – byrjun 17. aldar**
Ricercata in Battaglia blokkflautueinleikur - úr Il Dolcimelo

**Orlando di Lasso 1532-1594**
Susanne un jour diminution by G. Bassano

**Cipriano de Rore 1516-1565**
Ancor che col partirestillezink/cornetto muto diminution by R. Rognoni

**Girolamo Frescobaldi 1583-1643**
Canzona seconda, detta la Bernardinia

Ágúst Ingi Ágústsson er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Hann lauk kantorsprófi og 8. stigi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunar árið 1998. Veturinn 2000-2001 sótti hann tíma í orgelleik hjá prófessor Hans-Ola Ericsson í Piteå í Svíþjóð. Vorið 2008 lauk Ágúst einleiksáfanga frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar með hæstu einkunn undir handleiðslu Harðar Áskelssonar, en að auki naut Ágúst leiðsagnar Eyþórs Inga Jónssonar og Björns Steinars Sólbergssonar. Ágúst hefur enn fremur sótt meistaranámskeið í orgelleik hjá þekktum organistum á borð við Hans-Ola Ericsson, Mattias Wager og Christopher Herrick.

Ágúst starfaði sem organisti við St. Jósefskirkju í Hafnarfirði 1993-2000 og veturinn 1999-2000 starfaði hann sem aðstoðarorganisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika á Íslandi og í Danmörku.

Haustið 1998 hóf Ágúst nám við Læknadeild Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 2004. Hann hefur stundað læknisstörf síðan.

Ágúst Ingi Ágústsson was born and raised in Reykjavík. In 1998, he graduated with a church musician's diploma from the National Church School of Music in Reykjavík. In 2000-2001, Ágúst attended organ lessons with professor Hans-Ola Ericsson in Piteå, Sweden. In 2008 Ágúst graduated with a soloist's diploma with highest distinction from the National Church School of Music in Reykjavík under the guidance of Hörður Áskelsson. Ágúst has attended master classes with renowned organists, such as Hans-Ola Ericsson, Mattias Wager, and Christopher Herrick.

Ágúst held the post of organist for the catholic congregation at St. Joseph's church in Hafnarfjörður 1993-2000. In 1999-2000, he was deputy organist in Hallgrímskirkja, Reykjavík. He has given organ recitals in Iceland and Denmark.

In 1998, Ágúst began his studies at the University of Iceland Faculty of Medicine, where he graduated in 2004. Since then he has pursued a carrier as a medical doctor.

Lene Langballe, cornetto- og blokkflautuleikari, lærði á blokkflautu hjá Vicki Boeckmann í Royal Danish Academy of Music í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi árið 1992. Hún lauk meistaragráðu á blokkflautu í Civica Scuola di Milano árið 1997 hjá Pedro Memelsdorff og hélt áfram námi á blokkflautu við Schola Cantorum Basiliensis hjá Conrad Steinmann. Í Basel uppgötvaði hún hljóðfærið cornetto og hélt áfram námi hjá Bruce Dickey og lauk prófi árið 2002. Hún stundaði nám á cornetto í París hjá Jean Tubery og William Dongois. Síðan Lene útskrifaðist hefur hún verið mjög virk sem tónlistarmaður, aðallega í miðaldatónlist, bæði sem einleikari og með fjölmörgum hljómsveitum og kammerhópum.

Hún er meðlimur Concerto Copenhagen, Ars Nova, Serikon, Barrokanerne og kemur fram á mörgum hljóðritunum. Í mörg ár vann hún einnig með danska kammerhópnum Ensemble Authentia.

Frá árinu 2004 hefur Lene kennt kammertónlist og á blokkflautu við Royal Academy of Music í Kaupmannahöfn og hefur hún einnig kennt masterklassa um allan heim, bæði á blokkflautu og cornetto.

Lene Langballe, cornetto and recorder, studied recorder with Vicki Boeckmann at The Royal Danish Academy of Music in Copenhagen, completing her diploma in 1992. She graduated with a recorder master's degree at the Civica Scuola di Milano in 1997 with Pedro Memelsdorff and continued her recorder studies at the Schola Cantorum Basiliensis with Conrad Steinmann. It was in Basel that she discovered the cornetto and continued to study with Bruce Dickey, obtaining the diploma in 2002. She undertook post-graduate studies in cornetto in Paris with Jean Tubery and William Dongois. Since her studies Lene has been a very active musician in the early music scene performing both as a soloist and with numerous orchestras and chamber music ensembles.

She collaborates with Concerto Copenhagen, Ars Nova, Serikon, Barrokanerne among others, and she has appeared on several recordings. For many years she performed with the Danish Ensemble Authentia.

She teaches recorder and chamber music at The Royal Academy of Music in Copenhagen since 2004 and has taught several masterclasses around the world both in recorder and cornetto.

   

## Steinar Logi Helgason, Hafsteinn Þórólfsson, Fjölnir Ólafsson og Örn Ýmir Arason Ísland / Iceland

**FIMMTUDAGINN 1. ÁGÚST KL. 12 / THURSDAY AUGUST 1 @ 12 NOON**

**Hafsteinn Þórólfsson 1977-**
Þytur úr norðri / Tempest from the North (2014)
I - Þá sá ég hvassviðri koma
II - Kerúbarnir

**Bornholm 2016-**
Ísland / Iceland
Skuggaskil / Equinox
Sunnan / Sol
Rjúpan / Rock ptarmigan

Steinar Logi (f.1990) lærði á píanó í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Nýja Tónlistarskólanum hjá Jónasi Sen og í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Önnu Þorgrímsdóttur. Hann hóf nám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2010 og kláraði þar kirkjuorganistapróf og lauk síðar bakkalársgráðu úr Kirkjutónlistarbraut Listaháskóla íslands undir handleiðslu Björns Steinars Sólbergssonar. Steinar Logi stundaði framhaldsnám í kirkjutónlist við Konunglegu tónlistarakademíuna í Kaupmannahöfn þar sem Hans Davidsson var hans aðalkennari. Steinar hefur stjórnað fjölda kóra og starfað sem organisti, píanisti og stjórnandi á mörgum vígstöðum en Steinar stundar nú nám í kammersveitastjórnun í Konunglegu tónlistarakademíunni í Kaupmannahöfn.

Steinar Logi Helgason (b.1990) studied piano in the Reykjavík Music School and the New music school under the tutelage of Jónas Sen and in The Reykjavík Collage of Music with Anna Þorgrímsdóttir. He started his studies in the Icelandic Church Music School in 2010 where he finished a Church organist degree before moving onto his Bachelor's degree in the Iceland Academy of the Arts, where Björn Steinar Sólbergsson was his main teacher. During the semester 2016-2017, Steinar attended the graduate course in Church music at the Royal Danish Academy of Music. Steinar has in his career conducted a number of choirs as well as having performed as a pianist, organist and conductor in various settings. Steinar is currently enrolled in the master's program in Ensemble Conducting at the Royal Danish Academy of Music

Hafsteinn Þórólfsson lauk mastersnámi í söng frá Guildhall School of Music & Drama í London 2005. Vorið 2011 lauk hann BA námi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands og Mastersnámi í rytmískum tónsmíðum frá Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum vorið 2015.

Sem söngvari hefur Hafsteinn sex sinnum verið þátttakandi í verkefnum sem hafa unnið til verðlauna, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunanna og Dönsku Tónlistarverðlaunanna.

Hafsteinn hefur starfað sem atvinnusöngvari í 18 ár.

Hann er stofnmeðlimur og söngvari í kammerkórnum Cantoque Ensemble og einnig meðlimur kammerkórsins Schola cantorum. Hann hefur sungið inn á ótal plötur og einnig sungið inn á teiknimyndir og kvikmyndir. Hann hefur starfað með Björk, Monotown, Hjaltalín, Sigurrós, Hilmari Erni Hilmarssyni, Ragnhildi Gísladóttur og verið fulltrúi Íslands í Eurovision sem bakraddasöngvari.

"Bornholm" var samið fyrir hljómsveitina Tirilil fyrir tónleikaferð þeirra um Borgundarhólm og aðra staði í Danmörku, en verkið var pantað í framhaldi af frumflutningi á verki Hafsteins Det døende barn á Nordic Music Days í Kaupmannahöfn árið 2015.

The Icelandic singer and composer Hafsteinn Thorolfsson studied at the Guildhall School of Music & Drama in London, graduating with a MMus degree in vocal music performance in 2005. He finished his BMus degree in composition from The Iceland Academy of the Arts in 2011 and his MMus degree in composition at the Royal Academy of Music in Aarhus in 2015.

Hafsteinn has performed a wide selection of musical genres in Iceland and all over Europe, North America, China and Japan and his compositions have been performed in festivals in Iceland, Denmark, Norway, Sweden and Germany.

Hafsteins choral composition Det døende barn to H.C. Andersens poem was premiered by Concert Clemens Aarhus at the Nordic music days in Copenhagen in 2015. Bornholm is originally a six piece cycle for 3 sopranos and organ which was commissioned by the group Tirilil for their concert tour of Bornholm in 2016.

Fjölnir Ólafsson barítón hóf 10 ára gamall nám í klassískum gítarleik en gerði sönginn að sínu aðalfagi árið 2008. Hann lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2010 og BMus gráðu frá Hochschule für Musik Saar í Þýskalandi sumarið 2014.

Fjölnir hefur komið fram á fjölda tónleika í Þýskalandi og á Íslandi. Þar má nefna Ein Deutsches Requiem eftir Brahms, hlutverk Jesú í Matteusarpassíu Bachs, frumflutning á ljóðaflokki fyrir barítón og kammersveit eftir Tzvi Avni sem og fjölda ljóða- og einsöngstónleika.

Á óperusviðinu hefur Fjölnir farið með fjölda minni hlutverka, m.a. í ,,Tosca" og ,,Macbeth". Þá fór hann með aðalhlutverk í nýrri barnaóperu eftir Gordon Kampe, ,,Kannst du pfeifen, Johanna", við Saarländische Staatstheater.

Fjölnir hefur unnið til verðlauna í ,,International Richard Bellon Wettbewerb 2011", ,,International Joseph Suder Wettbewerb 2012" og ,,Walter und Charlotte Hamel Stiftung 2013". Fjölnir hlaut verðlaun sem Bjartasta vonin á

íslensku tónlistarverðlaununum 2013 og er styrktarhafi Tónlistarsjóðs Rótarý.

Baritone Fjölnir Ólafsson commenced his singing studies in 2008 at the Reykjavik College of Music, after having trained as a Classical Guitarist from an early age. He then studied at the Hochschule für Musik Saar, graduating in 2014.

Fjölnir has appeared on numerous occasions on the concert platform in Germany and Iceland, in Brahms Requiem and Bach's St Matthew Passion to name but a few. At the Saarländische Staatstheater he has appeared in numerous productions, such as "Tosca" and "Macbeth".

Fjölnir has taken part in the "Liedakademie des Heidelberger Frühling", where he participated in Masterclasses with Thomas Hampson, Thomas Quastoff and Wolfram Rieger. He is a prizewinner in the "International Joseph Suder Wettbewerb 2012" and has been the recipient of numerous awards and grants, including the Walter und Charlotte Hamel Stiftung 2013 and the Icelandic Rotary Prize 2013. In 2013 he recieved the Newcomer of the Year award at the Iceland Music Awards 2013.

Örn Ýmir Arason er fæddur árið 1988. Hann hóf nám á kontrabassa ungur að aldri og hefur sungið í kórum frá 7 ára aldri. Örn nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands hjá þeim Tryggva M. Baldvinssyni og Úlfari Haraldssyni og útskrifaðist þaðan vorið 2014. Einnig var hann þar í söngnámi hjá Elísabetu Erlingsdóttur. Í dag starfar hann jafnt við söngstörf, tónsmíðar og hljóðfæraleik og er búsettur í Reykjavík.

Örn Ýmir Arason was born in Reykjavik in May 1988. At an early age he started singing in a choir and studying the double bass. Örn studied composition at the Icelandic Academy of the Arts and finished his degree in June 2014. There he also studied singing and is a member of the professional Reykjavikcensis Schola Cantorum choir in Hallgrimskirkja. Örn has composed for various dance artists in Iceland, chamber groups, choirs and for the National Theater in Reykjavik as well. He now lives in Reykjavik where he works as a singer, double bass player and composer.



## Guðný Einarsdóttir Ísland / Iceland

**FIMMTUDAGINN 8. ÁGÚST KL. 12 / THURSDAY AUGUST 8 @ 12 NOON**

**Felix Mendelssohn 1809-1847**
Sónata í B-dúr op. 65 nr. 4
Allegro con brio
Andante religioso
Allegretto
Allegro maestoso

**Atli Heimir Sveinsson 1938-2019**
Intermezzo úr Dimmalimm

**Bára Grímsdóttir 1960-**
Engladans

**Jón Nordal 1926-**
Tokkata

Guðný Einarsdóttir stundaði píanónám frá unga aldri og lauk prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og orgelnámi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Hún lauk kirkjutónlistarnámi frá Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Samhliða náminu stjórnaði hún kammerkórnum Stöku, en hún er ein af stofnendum hans. Að loknu námi í Kaupmannahöfn var Guðný organisti danska safnaðarins í París en samhliða starfinu stundaði hún framhaldsnám í orgelleik.

Guðný hefur komið fram á Íslandi og erlendis sem einleikari, meðleikari og kórstjóri. Hún gegnir nú stöðu organista við Háteigskirkju í Reykjavík.

Guðný Einarsdóttir graduated from the department of musical education at the Reykjavík College of Music, having begun studying the piano at a young age. She graduated as an organist from the Music School of the National Church in Iceland.

Guðný studied church music at the Danish Royal Academy for Music in Copenhagen. After her studies in Copenhagen she was the organist at the church of the Danish congregation in Paris and studied organ-playing.

Guðný has given many concerts at home and abroad and performed as a soloist, accompanist and conductor. She is now the resident organist at Háteigskirkja in Reykjavík.



## Kitty Kovács Ungverjaland / Hungary

**FIMMTUDAGINN 15. ÁGÚST KL. 12 / THURSDAY AUGUST 15 @ 12 NOON**

**Johann Sebastian Bach 1685-1750**
Preludia and Fugue in B minor BWV 544

**Astor Piazzolla 1921-1992**
Libertango

**Pierre Cochereau 1924-1984**
Scherzo symphonique

Kitty Kovács er fædd í Győr í Ungverjalandi árið 1980 og útskrifaðist árið 2003 frá tónlistardeild Széchenyi István háskólans þar í borg með diplómu í píanó- og kammertónlist. Eftir útskriftina starfaði hún sem undirleikari í Győr og lagði síðan stund á undirleikaranám við Ferenc Liszt Akademíuna í Budapest. Á námsárum sínum vann hún í píanókeppnum, m.a. árið 1997 í Salt Lake City og árið 2000 varð hún í 3. sæti í Chopin keppninni. Kitty kom til Íslands árið 2006 og hefur starfað sem píanókennari og organisti. Frá árinu 2011 hefur hún verið kirkjuorganisti við Landakirkju í Vestmannaeyjum og kennari við Tónlistarskóla Vestmannaeyja. Frá árinu 2012 hefur Kitty stundað orgelnám við Tónskóla þjóðkirkjunnar og vorið 2017 lauk hún kantorsnámi þaðan. Ári síðar lauk hún þaðan námi í einleiksáfanga.

Kitty Kovács, born in 1980 in Győr in Hungary, graduated from the Music department of the Széchenyi István University in her home town with a diploma in piano and chamber music. After working as an accompanist in Győr she went on to study accompaniment at the Franz Liszt Academy of Music in Budapest. During her student years she won prizes, e.g. first prize in 1997 in Salt Lake City and in 2000 she won third prize in the Chopin competition in Hungary. Kitty Kovács moved to Iceland in 2006 and has worked here as a piano teacher and organist, from 2011 in the Westmann Islands as organist at Landakirkja church and teacher at the local music school. Kitty received her concert organist diploma last spring, after having studied the organ for five years at the National Church School of Music under the guidance of Lenka Mátéová.



## Eyþór Ingi Jónsson Ísland / Iceland

**FIMMTUDAGINN 22. ÁGÚST KL. 12 / THURSDAY AUGUST 22 @ 12 NOON**

**Pedro de Araújo 1640-1705**
Batalha de 6° Tom

**François Couperin 1668-1773**
Messe pour les paroisses - Sanctus:
Plein chant du premier Sanctus en Canon
Recit de Cornet - 2e Couplet
Benedictus - Cromhorne en Taille

**Johann Sebastian Bach 1685-1750**
Komm, süsser Tod
úts. Virgil Fox

Toccata & Fuga in d, BWV 565

Eyþór Ingi Jónsson lauk kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 1998, undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Fríðu Lárusdóttur o.fl. Því næst lauk hann 7 ára námi við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Aðal orgelkennari hans var prófessor Hans-Ola Ericsson. Auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn. Kennari hans var prófessor Erik Westberg. Hann hefur sótt meistarakúrsa og einkatíma hjá mörgum af þekktustu orgelleikurum og kórstjórum samtímans.

Eyþór kennir ýmsar tónlistargreinar, heldur reglulega námskeið og fyrirlestra. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlendis og erlendis. Einnig hefur hann leikið með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara. Eyþór hefur bæði leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (Orgelkonsert E. Bossi) sem og stjórnað hljómsveitinni. Hann hefur einnig frumflutt orgelkonsert eftir Michael Jón Clarke með kammersveit tónskáldsins.

Eyþór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi kammerkórsins Hymnodia. Eyþór kennir orgelleik og spuna við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hinsvegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Hann hefur pantað og frumflutt tugi tónverka eftir íslensk og erlend tónskáld. Hann er einn af forkólfum Barokksmiðju Hólastiftis.

Eyþór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012

Eyþór Ingi Jónsson attained the Cantor Diploma from Reykjavík Church Music School, Iceland in the spring of 1998. Then followed study at the Piteå Acadamy of Music in Sweden, four years in the Church Music Department and then three years study in the Concert Organist Department, with Professor Hans-Ola Ericsson. In addition he had lessons with Gary Verkade among other specialists.

Eyþór Ingi has also taken part in a number of masterclasses throughout Europe. In addition to organ study he has devoted himself to the study of choir conducting under Professor Erik Westberg.

Eyþór Ingi has taught various subjects and been a visiting tutor at The Icelandic Arts Academy. He performs regularly, and has held more than one hundred solo concerts both in Iceland and abroad. He has taken part in a broad range of chamber concerts and has been featured in a number of recordings with various artists.

Eyþór Ingi has both conducted and performed as soloist with the Northern Iceland Symphony Orchestra. He is presently organist at the Akureyri Church. He also founded and conducts the Hymnodia Chamber Choir. His speciality is music from the seventeenth century as well as contemporary music and improvisation, both for organ, and with singers. Eyþór Ingi is a Musical Director of the Holar Baroque Festival, the Akureyri Church Music Festival Week and the Akureyri Church Summer Concert season. He was Akureyri's Town Artist of the Year 2011-2012.















MENNINGARNÓTT Í REYKJAVÍK 2019
REYKJAVIK CULTURAL NIGHT

# SÁLMAFOSS / FEAST OF HYMNS

LAUGARDAGINN 24. ÁGÚST KL. 15-21

SATURDAY AUGUST 24 @ 3–9 PM

Hallgrímskirkja iðar af lífi alla daga og á Sálmafossi á Menningarnótt heimsækja þúsundir gesta kirkjuna til að upplifa Klaisorgelið og hrífandi og fjölbreytta tónlist! Á heila tímanum sameinast allir í sálmasöng og gleði með kór og Klaisorgelinu. Samfelld dagskrá kl. 15-21 þar sem margir kórar koma fram, m.a. Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar og danski kórinn Det Unge Vokalensemble undir stjórn Jakob Buverud. Klaisorgelið hljómar eitt og með öðrum hljóðfærum- Mattias Wager dómorganisti frá Stokkhólmi flytur tvær ólíkar efnisskrár og Björn Steinar Sólbergsson organisti við Hallgrímskirkju leikur einnig fjölbreytta efnisskrá og báðir leika þeir undir almennan söng. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir!

On Reykjavík Cultural Night, Saturday August 24, there is an ongoing concert in Hallgrimskirkja between 3 pm and 9 pm. Various choirs will perform different programs and the great Klais organ will be played, with vocal soloists and other instruments.

Performers: The Hallgrimskirkja Motet Choir, Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja, conductor Hörður Áskelsson; the Danish youth choir “Det Unge Vokalensemble”, conductor Jakob Buverud; the organists Mattias Wager Stockholm and Björn Steinar Sólbergsson, and more to be announced. Free entrance - all are welcome!

# SCHOLA CANTORUM

## HÁDEGISTÓNLEIKAR ALLA MIÐVIKUDAGA KL 12, 20. júní-29. ágúst

Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, var stofnaður árið 1996 af Herði Áskelssyni kantor í félagi við nokkra meðlimi úr Mótettukór Hallgrímskirkju. Allar götur síðan hefur kórinn gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku tónlistarlífi. Frumflutningur á verkum íslenskra tónskálda hefur jafnan vegið þungt á efnisskrá kórsins en einnig fjölröddun endurreisnartímans auk þess sem Schola cantorum hefur flutt ýmis stórvirki barokksins ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju.

Af síðustu tónleikaverkefnum kórsins 2019 má nefna frumflutning á óratóríunni Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson og frumflutning á Íslandi á hinu fræga Requiem eftir Alfred Schnittke. Schola cantorum hefur komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víðsvegar um Evrópu og í Japan. Haustið 2015 var kórinn m.a. valinn til að koma fram á fimm tónleikum á tónlistarhátíðinni Culturescapes í Sviss og vorið 2017 söng kórinn ferna tónleika í boði Fílharmóníusveitar Los Angeles á Reykjavík Festival í Walt Disney Hall auk þess að halda a cappella tónleika í First Congregational Church í LA á vegum hátíðarinnar og hlaut afburðadóma.

Í mars 2018 frumflutti Schola cantorum óratóríuna Eddu II eftir Jón Leifs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið var hljóðritað af sænska útgáfufyrirtækinu BIS sem þáttur í heildarútgáfu fyrirtækisins á hljómsveitarverkum tónskáldsins.

Kórinn kemur víðar við sögu í þeirri útgáfu. Schola cantorum sendi frá sér diskinn Meditatio árið 2016, einnig í samstarfi við BIS, þar sem hljóma margar áhrifaríkar tónsmíðar kórtónbókmenntanna frá 20. og 21. öld, íslenskar jafnt sem erlendar. Hefur diskurinn hlotið lofsamlegar viðtökur víða um heim.

Schola cantorum hefur unnið með fjölmörgum listamönnum við tónleikahald og upptökur. Má þar nefna Björk, Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson, Kjartan Sveinsson, Tim Hecker og sænska dúettinn Wildbirds and Peacedrums. Þá má geta þess að söngur kórsins gegnir veigamiklu hlutverki í tónlist á hinum vinsæla tölvuleik God of War sem Sony gaf út vorið 2018. Schola cantorum hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn og unnið til verðlauna í keppnum í Frakklandi og á Ítalíu. Kórinn var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2007 og valinn Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar 2009.

Schola cantorum var valinn Tónlistarflytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson. Á efnisskrá hádegistónleikanna í sumar verða innlendar og erlendar kórperlur frá ýmsum tímum. Í sumum þeirra svífur rómantískur andi þjóðararfsins yfir vötnum en annars staðar er trúarlegur tónn ráðandi.

Hið tilkomumikla Klais-orgel mun koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Kórinn býður upp á kaffisopa í suðursal kirkjunnar eftir tónleikana þar sem tækifæri gefst til að spjalla við kórsöngvarana og kynna sér geisladiska kórsins.

# SCHOLA CANTORUM
## – CHAMBER CHOIR OF HALLGRÍMSKIRKJA

LUNCHTIME CONCERTS WEDNESDAYS AT 12 NOON, June 20- August 29

Schola Cantorum Reykjavicensis was founded in 1996 by the conductor Hörður Áskelsson, the cantor at Hallgrímskirkja (Hallgrim's Church) in Reykjavík. Schola Cantorum has from the very start played an important role in the Icelandic music scene with a repertoire that consists mainly of renaissance, baroque and contemporary music including numerous premier performances of works by Icelandic composers. Among the choir´s latest performances in 2019 are premiére of Hafliði Hallgrímsson's oratorium Mysterum and Alfred Schnittke´s famous Requiem.

Schola Cantorum has given concerts in Norway, Sweden, Finland, Italy, Spain, Germany, Switzerland, France, Japan and USA. In 2017 Schola Cantorum was invited by Los Angeles Philharmonic to sing 4 concerts in Walt Disney Concert Hall during Reykjavík Festival in LA.

The choir can be heard in many recordings including complete choral/orchestral works of Icelandic composer Jón Leifs issued by the Swedish label BIS. The choir has also worked with artists such as Björk, Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson, and Swedish experimental band Wildbirds & Peacedrums. Schola Cantorum appears widely on the musical spectrum. For instance the choir sings in the soundtrack of the action-adventure video game God of War released by Sony in April 2018.

In 2007 the choir was nominated to the Nordic cultural price and in 2009 it was appointed the Music Group of Reykjavík. In March 2017 Schola Cantorum was appointed by Iceland Music Awards as the Performer of the Year 2016.

DISCOGRAPHY

PRINCIPIUM (1999): Music from renaissance by Tallis, Byrd, Schein and Gesualdo.

AUDI CREATOR COELI (2001): Icelandic contemporary church music.

HALLGRÍMSPASSÍA (2011): Hallgrims Passion, an oratorio by Sigurður Sævarsson (b. 1963), based on Hallgrimur Petursson´s Passion Hymns.

FOLDARSKART (2012): Fifteen Icelandic choral favorites.

CHORAL WORKS OF HAFLIÐI HALLGRIMSSON (2013): A selection of choral music by the celebrated Icelandic composer Hafliði Hallgrímsson (b. 1941).

MEDITATIO (2016): Expressive works from twentieth and twenty-first centuries which interpret grief and bereavement in the light of hope and comfort.

PSALMI NOVI SAECULI (2017): The poetry of Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (b. 1955) and the a capella music of Jazz performer and composer Sigurður Flosason (b. 1964) celebrate wide-ranging reflections on prayer, happiness, sorrow, seasons, days and lifetimes.

See further information on www.scholacantorum.is



# Klaisorgelið

Konsertorgelið við vesturgaflinn í Hallgrímskirkju er smíðað af Johannes Klais orgelsmiðjunni í Bonn í Þýskalandi. Orgelið hefur fjögur hljómborð og fótspil, 72 raddir og 5275 pípur. Það er 15 metra hátt, vegur um 25 tonn og stærstu pípurnar eru um 10 metra háar. Kaup á orgelinu voru fjármögnuð að miklu leyti með gjöfum. Fólki var boðið að kaupa pípurnar og enn er hægt að kaupa gjafabréf í verslun kirkjunnar sem vottar að viðkomandi sé eigandi tiltekinnar pípu.

Klaisorgelið er notað við helgihald kirkjunnar auk þess sem það hefur hlotið almenna viðurkenningu sem frábært tónleikahljóðfæri. Orgelið er rómað meðal organista víða um heim fyrir gæði, fjölbreytt raddval og hversu vel það fellur að rými kirkjunnar.Tilkoma færanlega orgelborðsins 1996 hefur aukið notkunarmöguleika orgelsins verulega, bæði hvað varðar tónleika- og helgihald.

Í byrjun árs 2012 komu orgelsmiðir frá Bonn til að hreinsa orgelið og endurnýja ýmsa hluti sem vegna mikils álags höfðu slitnað. Við hreinsunina þurfti að taka allar pípur úr orgelinu. Í leiðinni gafst einstakt tækifæri til að gera breytingar á tölvubúnaði orgelsins, sem ný tækni og auknar kröfur kalla á.

Eftir hina umfangsmiklu hreinsun og endurbætur er Klaisorgelið í Hallgrímskirkju sem nýtt, hver einasta pípa hefur verið pússuð og endurstillt, rafrænt stýrikerfi orgelsins hefur verið fært til dagsins í dag. Orgelið býr nú yfir nýjustu gerð midi-búnaðar, sem gefur m.a. möguleika til að leika á orgelið með tölvum.

# The Klais Concert Organ

The concert organ situated by Hallgrímskirkja's west gable is built in Johannes' Klais world-renowned Orgelbau in Bonn, Germany. The organ has four keyboards and pedals, 72 voices and 5275 pipes. It is 15 metres high, weighs about 25 tons and the largest pipes are about 10 metres tall. Purchase of the organ was largely funded by gifts. People were offered to buy a pipe and gift certificates can still be bought at the church shop, stating the ownership of a certain pipe.

The Klaisorgan is both used in church ceremonies and has an international reputation as a magnificent concert instrument. It is acclaimed among organists all over the world for it's quality, variety of voices and for how well it suits the acoustics of the church. The movable controls of the organ, installed in 1996, have greatly increased the possibilities of using the organ in concerts and ceremonies.

In 2012 representatives from the Klais Orgelbau in Bonn arrived in Iceland to clean the organ and renew various pieces of hardware, worn due to much strain. During this process all 5.273 organ pipes had to be removed. This presented an excellent opportunity for modifications on the organ's computer equipment, called for by new technology and increased demands.

At the completion of this extensive project it can be said that the Klaisorgan in Hallgrímskirkja is as new, every pipe has been polished and retuned and the organ's electronic operating system has been updated, with many fascinating new possibilities like playing it with a computer using midi-equipment.

## Raddskrá / Disposition

**I Rückpositiv C - a3**

Praestant 8'
Gedackt 8'
Quintade 8'
Principal 4'
Rohrflöte 4'
Octave 2'
Waldflöte 2'
Larigot 1 ⅓'
Sesquialter 2f
Scharff 5f
Cymbel 4f
Dulcian 16'
Trompette 8'
Cromorne 8'

**II Hauptwerk C - a3**

Praestant 16'
Principal 8'
Doppelflöte 8'
Gemshorn 8'
Octave 4'
Nachthorn 4'
Superoctave 2'
Quinte 5 ⅓'
Terz 3 □'
Quinte 2 ⅔'
Cornet 5f
Mixtur 5f
Acuta 4f
Trompete 16'
Trompete 8'
Trompete 4'

**III Schwellwerk C - a3**

Salicet 16'
Geigenprinc. 8'
Bourdon 8'
Flute harm. 8'
Gamba 8'
Vox coelestis 8'
Octave 4'
Flute octav. 4'
Salicional 4'
Octavin 2'
Piccolo 1'
Nasard 2 ⅔'
Terz 1 □'
Fourniture 6f
Basson 16'
Tromp. harm. 8'
Hautbois 8'
Vox humana 8'
Clairon harm. 4'

**IV Bombardwerk C - a3**

Rohrflöte 8'
Praestant 4'
Cornet 3f
Chamade 16'
Chamade 8'
Chamade 4'
Orlos 8'

Pedal C - g1

Praestant 32'
Principal 16'
Subbaß 16'
Violon 16'
Octave 8'
Cello 8'
Spielflöte 8'
Superoctave 4'
Jubalflöte 2'
Hintersatz 5f
Bombarde 32'
Bombarde 16'
Fagott 16'
Posaune 8'
Schalmey 4'

Cymbelstern A
Cymbelstern B
Nachtigall

**Tremulant**:

Rückpositiv
Schwellwerk
Bombardwerk
Pedal 8

**Koppeln:**

Manualkoppel I - II
Manualkoppel III - II
Manualkoppel IV - II
Manualkoppel IV - III
Manualkoppel III - I
Superkoppel III - III
Subkoppel III - II
Pedalkoppel I - P
Pedalkoppel II - P
Pedalkoppel III - P
Pedalkoppel IV - P

# Tónleikar sumarsins

## Concerts this summer

| | |
|---|---|
| SAT 22.6 @12 | Björn Steinar Sólbergsson - organist of Hallgrimskirkja (IS) |
| SUN 23.6 @17 | Björn Steinar Sólbergsson - organist of Hallgrimskirkja (IS) |
| WED 26.6 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 27.6 @12 | Tuuli Rähni - organist of Ísafjarðarkirkja (IS) |
| SAT 29.6 @12 | Mattias Wager - organist of Stockholm Cathedral ( SE) |
| SUN 30.6 kl. 17 | Mattias Wager - organist of Stockholm Cathedral (SE) |
| WED 3.7 @ 12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 4.7@12 | Guðmundur Sigurðsson- organist of Hafnarfjarðarkirkja (IS) |
| SAT 6.7 @ 12 | Johannes Skoog - concert organist (SE) |
| SUN 7.7 @17 | Johannes Skoog - concert organist (SE) |
| WED 10.7 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 11.7 @12 | Eyþór Franzson Wechner- organist of Blönduóskirkja (IS) |
| SAT 13.7 @12 | Johannes Zeinler - concert organist (AT) |
| SUN 14.7 @17 | Johannes Zeinler - concert organist (AT) |
| WED 17.7 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 18.7 @12 | Jón Bjarnason - Skálholtskirkja with Vilhjálmur Ingi Sigurðsson & Jóhann Ingvi Stefánsson trumpets (IS) |
| SAT 20.7 @12 | Yves Rechtsteiner - concert organist (FR) |
| SUN 21.7 @17 | Yves Rechtsteiner - concert organist (FR) |
| WED 24.7 @12 | Schola cantorum chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 25.7 @12 | Ágúst Ingi Ágústsson organist (IS) & Lene Langballe, zink/ cornetto/ recorder (DK) |
| SAT 27.7@12 | Isabelle Demers - concert organist (CA) |
| SUN 28.7@17 | Isabelle Demers - concert organist (CA) |
| WED 31.7 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 1.8 @12 | Steinar Logi Helgason organist & Fjölnir Ólafsson, Örn Ýmir Arason and Hafsteinn Thorolfsson baritones (IS) |
| SAT 3.8 @12 | Lára Bryndís Eggertsdóttir - organist of Hjallakirkja, Kópavogur (IS) |
| SUN 4.8 @17 | Lára Bryndís Eggertsdóttir - organist of Hjallakirkja, Kópavogur (IS) |
| WED 7.8 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 8.8 @12 | Guðný Einarsdóttir - organist of Háteigskirkja, Reykjavík (IS) |
| SAT 10.8 @12 | Susannah Carlsson - organist of Lund Cathedral (SE) |
| SUN 11.8 @17 | Susannah Carlsson - organist of Lund Cathedral (SE) |
| WED 14.8 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 15.8@12 | Kitty Kovacs - organist of Landakirkja, Westman Islands (IS) |
| SAT 17.8 @12 | Johannes Geffert - concert organist Bonn (DE) |
| SUN 18.8 @17 | Johannes Geffert - concert organist Bonn (DE) |
| WED 21.8 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |
| THU 22.8 @12 | Eyþór Ingi Jónsson - organist of Akureyrarkirkja (IS) |
| SAT 24.8 @15 | CULTURAL NIGHT - concerts from 3-9 pm - free entrance! |
| SUN 25.8 @17 | Mattias Wager - organist Stockholm Cathedral (SE) |
| WED 28.8 @12 | Schola cantorum - chamber choir of Hallgrimskirkja (IS) |

Reykjavíkurborg
Gunnar Eggertsson
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta
HOTEL HOLT

LISTVINAFELAG.IS